

Krækiberjahlaup



1 lítri hreinn krækiberjasafi

750 gr. sykur

Safi úr 1 sítrónu

Hleypiefni (pectinal)

1. Setjið krækiberin í safapressuna.
2. Setjið krækiberjasafa og sítrónusafa í pott. Látið sjóða upp. Setjið hleypiefni út í og sjóðið eins lengi og segir á umbúðunum.
3. Takið pottinn af hellunni og hrærið sykurinn út í. Hrærið vel svo að sykurinn leysist vel upp. Setjið pottinn ekki aftur á helluna. Mjög áríðandi er að setja sykur í *á eftir* hleypiefni.
4. Hellið í hreinar krukkur og látið kólna.